



## Minnisblað 1943-1946. Afsöl.

---

Bjarni Benediktsson – Minnisblað 1943-1946 - Flókagata 47 – Korpúlfsstaðaeignir – Thor Jensen –  
Boragarstjóri

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til allh.

frá Tomas Þuneyri

MINNISBLAÐ

Flókagata 47.

D.364  
B.5029

1 9 4 3

8. júlí Afsal fyrir Korpúlfsstaðæignum.

.....

II. Kaupandi hefur greitt kaupverðið þannig:

- a. Hann hefur nú samtímis greitt mér í peningum kr. 60.000.- sextíu þúsund krónur kr. 60.000.00
- b. Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins kr. 1.800.000.- hefur hann gefið út skulda-  
bréf mér til handa, 20 bréf hvert að  
nafnverði 50.000.- kr. og 80 bréf hvert  
að nafnverði 10.000.- ..... " 1.800.000.00

Samtals kr. 1.860.000.00

Auk framangreinds kaupverðs lofar kaupandi að afsala til seljanda sem endurgjald fyrir framanskraðar eignir einni byggingarlóð í Reykjavík.

.....

1 9 4 3

21. júlí Yfirlýsing borgarstjóra:

Í sambandi við kaup Reykjavíkurbæjar á jarðeignum Thor Jensens, bónda á Lágafelli, lýsi ég undirritaður borgarstjóri í Reykjavík því yfir, að skv. samkomulagi um andvirði jarða þessara og svo sem tekið er fram í afsali fyrir þeim, dags. 8. þ.m., ber bæjarstjórninni að afsala til Thor Jensens byggingarlóð í Reykjavík sem hluta af andvirðinu.

Skal lóðin valin eftir samkomulagi við Thor Jensen meðal þeirra lóða, er bæjarstjórnin lætur til íbúðarhúsabygginga í náinni framtíð og vera að stærð 800 - 1200 ferm., eftir því sem haganlegt þykir vegna skipulags á svæðinu.

1 9 4 5

25. júlí Uppkast að afsali, sent hédan til Hallgr. F. Hallgrímssonar,

forstjóra:

Í umboði bæjarstjórnar Reykjavíkur og til þess að fullnægja skilmálum um kaup Reykjavíkurkaupstaðar á jarðeignum herra Óðalsbónda Thors Jensens í Kjósarsýslu, sbr. afsal, dags. 8. júlí 1943, er lóðinni nr. 47 við Flókagötu í Reykjavík hérmeð afsalað til hans til fullrar eignar og umráða sem kvaðalausri eignarlóð.

Lóðin er 1200 ferm. að stærð og að lögun eins og sýnt er á viðfestum uppdretti.

Herra Thor Jensen fær afsal fyrir lóðinni, sem hluta af kaupverði bæjarins á framangreindum jarðeignum, en vegna þinglesturs og stimpilgjalds af bréfi þessu, skal tekið fram, að fasteignamat lóðarinnar er kr. 7200.00.

1 9 4 6

19. sept. Bréf frá Thor Jensen til bæjarráðs:

Með tilvísun til skuldbindingar þeirrar, sem tekin er fram í afsali undirritaðs til handa Reykjavíkurbæ dags. 8. júlí 1943, í sambandi við kaup Reykjavíkurbæjar á jarðeignum undirritaðs, leyfi ég mér hérmeð að fara þess á leit við Bæjarráð Reykjavíkur, að það afsali mér til eignar byggingarlóð við Flókagötu, sem er milli lóðarinnar númer 45 við Flókagötu og Háteigslóðar og er 311 38 metrar að dýpt.

---